

35  
27. júní

## LÖG

um

styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Heimilt er ráðherra að veita, samkvæmt tillögum þar til kvaddirar nefndar, styrk til náms við erlenda háskóla íslenskum stúdentum, allt að 4 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hjer á landi með fyrstu eða annari einkunn. Nefndina skipa 3 menn, rektor mentaskólans og 2 menn aðrir, og sje annar kosinn af háskólaráði, en hinn af stúdentaráðinu; skulu þeir kosnir til tveggja ára, og ganga þeir úr nefndinni sitt árið hvor, í fyrsta sinni eftir hlutkesti.

### 2. gr.

Styrkurinn veitist til 4 ára, allt að 1200 kr. á ári, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, er segir í lögum þessum og sett kunna að verða í reglugerð eða á annan hátt af ráðherra.

### 3. gr.

Styrkurinn skal að jafnaði veittur þeim stúdentum einum, er lokið hafa stúdentsprófi á því ári, er styrkurinn er veittur.

Styrkinn má að eins veita reglusömum og ástundunarsömum stúdentum, og að öðru jöfnu skulu þeir stúdentar ganga fyrir, sem mest þarfnast styrks fyrir fátæktar sakir.

Að öðru leyti setur ráðherra reglur um styrkveitingar þessar, svo sem um það, hvernig umsóknum um styrkinn skuli hagað, hverjar sönnur stúdentar skuli færa á það, að þeir noti vel styrkinn; ennfremur um það, fyrir hverjar sakir þeir missi styrkinn, og þesskonar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*